

**Nr 079 / 10 Bylgja SU 49*****Eldur og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 1490  
Smíðaður: Isle Of Wight Englandi 1977  
Stærð: 10,8 brl. 14,5 bt.  
Mesta lengd: 11,02 m Skráð lengd: 10,89 m  
Breidd: 3,94 m Dýpt: 1,21 m  
Vél: Ford 115 kW 1977  
Fjöldi skipverja: 1



Bylgja ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Pann 8. júní 2010 var Bylgja SU 49 handfæraveiðum skammt undan Gvendarnesi Veður: Logn.

Bátsverjinn varð var við að eldur var laus í klæðningu utan um púströrið en gat var á því sem kveikti hann. Hann náði að rífa frá því og slökkva eldinn. Seinna um daginn kom eldur upp aftur og brunnu þá í sundur rafmagnskaplar. Bátsverjinn slökkti eldinn aftur og óskaði eftir aðstoð og Dögg SU 229 dró Bylgju SU til Fáskrúðsfjarðar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að púströrið kemur upp úr vélarrúminu í gegnum þilfarið aftan við stýrishúsið inn í hljóðkútinn og er þessi búnaður afþiljaður í stökk upp undir stýrishúspak. Á rörinu ofan við hljóðkútinn var ryðbrunnið gat sem afgasið blés út um með tilheyrandi hita. Ofan við hljóðkútinn voru rafmagnskaplar fyrir ljós í mastri sem brunnu.

***Nefndarálit:***

Orsök eldsins var slæmt ástand púströrsins.